



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 13. maí 2019 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1, kl. 19:05 - 20:30.

Mætt voru: Sanna Magdalena Mörtudóttir og Viggó K. Jóhannsson. Jóhann Helgi Heiðdal, Katrín Baldursdóttir og Hjalti Hrafn Hafþórsson voru með gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerðir síðustu funda

Fundargerðir síðustu funda hafa verið samþykktar.

2. Sósíalistaþing

Skipulag þingsins var rætt fram og aftur.

Ítrekað að boðunin á viðburðina verði skilvirk og kraftmikil.

Jóhann ræddi við fundarmenn um mögulegar nálganir á efnið í erindi sínu á fundi Sósíalískrar námsmannahreyfingar.

Sanna sagði frá sósíalísku tímariti sem nokkrir sósíalistar eru með á þrjónunum og við veltum fyrir okkur hvernig best væri að kynna það á þinginu.

Bogi Reynisson sem sér um hljóð- og útsendingarmál í undirbúningsnefnd þingsins kom á fundinn og kynnti þá möguleika sem fyrir hendi eru varðandi þau mál og hvað þurfi að skoða betur og jafnframt tryggja að allir aðilar séu meðvitaðir um.

Það sem meðal annars kom fram er að streymt verður úr sal 1 og 2 og vilji fundarins var að streyma erindi Jóhanns í sal 3 líka, það verður gert með síma og hljóðnema eins og þegar Sósíalístaþingfundum er streymt. Þegar er búið að útvega tvær upptökuvélar fyrir sali 1 og 2 og auka tökumann. Samstaða var um að fá tvo ljóskastara í hvorn sal ef kostnaður reynist skaplegur. Búið er að fá mann til að taka ljósmyndir á þinginu.

Talað var um að æskilegt væri að einhver einn væri í að taka við ljósmyndum frá ljósmyndaranum og hugsanlegum símaljósmyndurum og senda út á samfélagmiðla. Einnig að e.t.v. þyrfti einn aðili að vera í því að halda utan um dagskrána og sjá til þess að atriðin byrji á réttum tíma.

3. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið.